

Umhverfis- og loftslagsráð

Áherslur umhverfis og loftslagsráðs vegna vinnu við fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2025-2028

- Áhersla á fjölgun göngu- og hjólréiðastíga í þéttbýli og dreifbýli. Ráðið leggur til að farið verði í vinnu við að útbúa hjólagötu meðfram umferðarmestu götum í þéttbýlum sveitarfélagsins. Dalbraut, Aðalstræti, Hafnarstræti, Strandgata. Mögulegt að gera með einhvers konar lit eða afmörkun á götum.
- Fegrun umhverfis.
 - Bæta þarf aðkomu inn í þéttbýlin. Einn af fyrstu viðkomustöðum ferðamanna á svæðinu er í Brjánslækjarhöfn og tökum undir með heimastjórn fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshrepps sem bókaði að fara þyrfti í aðgerðir til að bæta ásýnd þar. Æskilegt væri að flýta áætlunum um uppbyggingu vegna ferðamanna og aðstöðu fyrir þá svo sem salerni.
 - Tökum undir með heimastjórn Arnarfjarðar og Patreksfjarðar um að með reglulegum hætti verði fjarlægðar númerslausar bifreiðar af lóðum sveitarfélagsins. Mjög þarft átak til að bæta ásýnd.
 - Tökum undir með heimastjórn Patreksfjarðar um að „...lokið verði við að tyrfa og ljúka frágangi vegna framkvæmda“. Frágang eftir framkvæmdir innan sveitarfélagsins þarf að vanda. Frágangur við gangstéttir og götur, t.d. með því að tyrfa og jafna jarðveg bætir ásýnd svæða gríðarlega.
- Sorpsvæði sveitarfélagsins þurfa aukið fjármagn svo hægt sé að taka almennilega á því magni af sorpi sem safnast á svæðunum. Girða þarf svæðin og aðgangsstýra, t.d. á Tálknafirði og Bildudal.

- Innleiðing átaksdaga í hreinsun og fegrun umhverfisins. Hægt væri að hafa tvo gjaldfrjálsa daga á ári, einn að vori og einn að hausti, jafnvel í tengslum við plokkdaga, þar sem íbúum er frjálst að losa sig við rusl sem safnast hefur fyrir hjá þeim- gjaldfrjálst. Þannig er hægt að auka hvata hjá íbúum til að hreinsa sitt nærumhverfi og samhliða þarf að fara í átak um að óásættanlegt er að íbúar losi rusl utan skilgreindra losunarsvæða. Athuga hvort hægt væri að fella kostnaðinn undir fegrun svæða en ekki sorphirðu, þar sem lítið svigrúm er til að auka kostnað undir þeim lið.
 - o Fjarlægja þarf rusl á hafnar- og athafnasvæðum. Við tökum undir með heimastjórn Arnarfjarðar um að fjarlægja þarf rusl sem safnast hefur við Rækjuver á Bíldudal til margra ára. Engin starfsemi hefur verið í því húsnæði um áratugaskeið og óásættanlegt að slíkt leiði til ruslasöfnunar.
 - Unnin verði þarfagreining á uppbyggingu hleðslustöðva um allt sveitarfélagið, e.v.t. í samstarfi við Bláma. Þannig að hægt verði að gera áætlun um framkvæmdir og beina því í viðeigandi farveg. Tökum undir með heimastjórn Arnarfjarðar um þörf á hleðslustöðvum og þá innan allra byggðakjarna. (sjá Recet vinnustofu Vesturbyggðar).
 - Veiting viðurkenninga til einstaklinga og fyrirtækja fyrir snyrtilegt umhverfi- óskað er eftir framlagi á fjárhagsáætlun fyrir slíkar viðurkenningar.
 - Hefja þarf vinnu við umhverfisstefnu sveitarfélagsins. Ráðið óskar eftir því að bæjarstjórn veiti fjármagni til þess verkefnis.
- Unnið hefur verið að undirbúningi á Fjörusetri, mikilvægt er að halda áfram þeirri vinnu og hefur heimastjórn fyrrum Barðastrandar- og Rauðasandshrepps bókað um það „Fjörusetur – leggja vinnu í stefnumörkun og stofnun setursins og áætla kostnað út frá því.“ Unnið hefur verið að þessu verkefni á vegum Vestfjarðastofu og fleiri.

Umhverfis- og loftslagsráð hvetur til að verkefnum sem komu fram á Recet vinnustofu Vesturbyggðar 16.10.2024 verði forgangsraðað og sett inn á fjárhagsáætlun.

Umhverfis- og loftslagsráð hvetur til að gert verði ráð fyrir svigrúmi í fjárhagsáætlun til að auka upplýsingagjöf og gagnvirkni íbúa við sorpmál þannig að árangur verði sjáanlegur.